5/1 '16 1511226




Afstöðumynd 1:500

**Erindislýsing 17.11.2015:**

Á 1.hæð í húsinu Fjarðargötu 19 er sótt um að opna veitingastað í flokk II. Um er að ræða Thailenskan veitingastað.

**Salur.**
Á veitingastaðnum er gert ráð fyrir 34 gestum.
Tvö salerni eru fyrir veitingarstaðinn, annað fyrir hreyfihamlaða. Þar er einnig ræsting fyrir sal.

**Afgreiðsla.**
Í afgreiðluborði er gert ráð fyrir hitaborði fyrir mat. Handvaskur er við afgreiðsluaðstöðu.
Undir borðum í afgreiðslu verða kælar fyrir gos, vín og öl, einnig verður þar geymsla fyrir borðbúnað.

***Eldhús.***
Eldhúsið er aftan við afgreiðslu. Í eldhúsi verða 2 Wok pönnur og 2 djúpsteikingarpottar. Háfur verður yfir eldunaraðstæðu. Frárennsli verður með fitugildru.
Útsog er Ozon útsog sem er lykt og fitueyðandi. Því er ekki nauðsynlegt að leiða útsogið í gegnum Subway að útblæstri þaðan.
Frá háf er heilsoðinn útsogsstokkur, sem liggur að efri glugga í eldhúsi á vestur hlið hússins. Stokkurinn er tvískipptur við glugga til þess að yfirborð verði sem mest til þess að draga úr hljóði.
Geymsla með kælir og frystir verður í aflokuðu rými á móti eldhúsi. Við hliðina verður uppvottaaðstaða með skolvask og svo ræsting fyrir eldhús. Gert er ráð fyrir áhaldavaski, matvælavaski og handvaski í eldhúsi. Í starfsmannaaðstöðu er búningherbergi og salerni starfsmanna. Gert er ráð fyrir 4 starfsmönnum.
Við hlið starfsmannaaðstöðu er skrifstofa.
Allar klæðningar eru í flokki I.

## BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 15-150) í nóv. 2015 fyrir veitingastað í Fjarðargötu 19, Hafnarfirði.

### Flokkun og notkun byggingar
Veitingastaðurinn er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.

### Brunahólfun
Veitingastaðurinn er eitt brunahólf.

### Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.

### Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 30 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá veitingasal sem rúmar 34 gesti er ein aðalflóttaleið beint út en aukaleið gegnum eldhús og út. Þetta telst ásættnalegt þarf sem um ekki mikinn fjölda fólks er að ræða.

### Reykskynjarar
Samtengdir reykskynjarar eru á veitingastaðnum sem tengjast öryggiskerfi. Öryggiskerfið tengist viðurkenndri vaktþjónustu.

### Loftræsikerfi
Útsog frá eldunarstæði er leyst með ozon búnaði sem eyðir lykt og fitu.

### Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

### Slökkvikerfi
Sjálfvirkt og handvirkt slökkvikerfi viðurkennt af Mannvirkjastofnun verður sett upp yfir eldunarháf í eldhúsi.

### Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu sett á veitingastaðnum, a.m.k. eitt í eldhús og eitt í sal.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

### Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp á veitingastaðnum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k 0,5 lux í matsal og salerni fyrir fatlaða.
Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í eldhúsi.

Samþykkt þann
25. nóv. 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði




Sneid A–A

A:16.07.15 Erindislýsing lagfærd
Útsog frá háf i eldhúsi fer inn Subway en med útblástursröri út úr húsinu.
B:17.11.15 Skipt er um útsogsbúnad og notadur verdur Ozonútsogbúnadur sem er lykta- og fitulaus.
Útblástur verdur vid efri glugga á vesturhlid.

**GP ARKITEKTAR**

Verkefni: Fjardargata 19 Veitingastadur

Afstöđumynd og sneid

08.12.2015
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

| | |
|---|---|
| Teikning nr. | 000B |
| Mál | 1:500 og 1:100 |
| Dags. | 11.06.2015 |
| Teiknad | |

Yfirfarið af brunahönnuði
Gunnar H. Kristjánsson
brunaverkfræðingur
3.12.2015


Adalstræti 11 101 Reykjavik
Simi: 5511790 Fax 5622275
5621790 gpark@gpark.is
Gudni Pálsson Arkitekt FAÍ
Kt. 291246–4519